


# Aðalfundur 2020

~ Haldinn þann 18. febrúar ~



## **Dagskrá aðalfundar**

- **Kosning fundarstjóra**
- **Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**
- **Reikningar lagðir fram til samþykktar**
- **Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda**
- **Kosning stjórnar**
  - Formaður og meðstjórnandi
- **Tillögur og lagabreytingar**
- **Önnur mál**

## **Skýrsla stjórnar**

Flugmóðelfélagið hélt aðalfund sinn í Reykjaneshöllinni þann 22. janúar og var rétt um þriðjungur félagsmanna mættur. Rekstur á árinu 2018 var jákvæður um 33.259 kr.

Hefðbundin aðalfundarstörf tóku fljótt af, Sverrir Gunnlaugsson gaf kost á sér sem gjaldkeri, sama gerðu meðstjórnendur, Ágúst H. Borgþórsson og Steinþór Agnarsson, engin mótframboð bárust. Ein lagabreyting lá fyrir sem samþykkt var en hún felur í sér að meðstjórnendur eru kosnir sitt hvort árið. Rætt var um fyrirhugaðar framkvæmdir og aðstöðu bílakarla.

Árið var gott fyrir Flugmóðelfélagið, félagsfjöldin heldur áfram að fara upp á við en 48 félagar greiddu félagsgjöldin eða um 94% félaga á skrá. Sumarið var heldur betur gott og nýttu félagsmenn það vel til flugs en um 43% nýting var á vellinum á árinu ef eingöngu er horft til flugsins, talsvert meiri þegar horft er til bíladeildarinnar. Félagsmenn voru einnig duglegir við framkvæmdir og var unnið í miklum framkvæmdum í kringum brautarmótin ásamt málun á húsnæði félagsins, Gunnar vallarstjóri fær sérstakar þakkir fyrir eljuna sem fyrri ár. Einnig var mikið um að vera á athafnasvæði bíladeildarinnar.

Félagsmenn voru svo duglegir að mæta á aðrar samkomur, hvort heldur sem var í Eyjafjarðarsveit, Tungubökkum eða Hamranesi.

Flugsýning sem halda átti á Arnarvelli í tilefni af Ljósanótt féll niður vegna veðurs.

Innherjar hófu svo aftur að flögra í Reykjaneshöllinni í byrjun október og munu halda uppteknum hætti út apríl 2020.

Hátíðarhefðinni var að sjálfsögðu viðhaldið og flogið á aðfangadag og gamlársgangur.

Sérstakar þakkir fá hinir fjölmörgu stuðningsaðilar FMS fyrir veitta aðstoð á árinu, hvort heldur sem er í tækjum, efni eða peningum.

- Grjótgarðar
- K. Steinarsson (KIA umboðið)
- Húsabygging
- Rekan
- Starfsmaður á plani RNB 😊

**Stjórn Flugmóðelfélags Suðurnesja**

Reikningar félagsins*Flugmóðelfélag Suðurnesja***Ársreikningur 2019**

	Inn	Út
Félagsgjöld	616.500 kr.	
Sparireikningur	80.000 kr.	
Innherjar	75.200 kr.	
Styrkir	25.000 kr.	
Vextir	325 kr.	
Vallarviðhald		480.932 kr.
Tækjakaup		111.347 kr.
Vefmyndavél		59.079 kr.
Bensín, gas, olía		54.515 kr.
Veitingar		15.609 kr.
Tryggingar		35.667 kr.
Bankakostnaður		10.374 kr.
Fjármagnstekjuskattur		72 kr.
Samtals á árinu	<u>797.025 kr.</u>	<u>767.595 kr.</u>
Fært frá fyrra ári	1.093 kr.	
Samtals	<u>798.118 kr.</u>	<u>767.595 kr.</u>
<b>Samtals eign í árslok</b>	<u><b>30.523 kr.</b></u>	
Velta á árinu	<b>1.565.713 kr.</b>	
Rekstrarniðurstaða	<b>764.415 kr.</b>	

<b>Eignir</b>	<b>Verð</b>
Sparireikningur	733.892
Sláttuvél	535.000
Kerra	500.000
Tæki	125.000
Kerra fyrir sláttuvél	60.000
Myndavél	85.000
Bátur	25.000
Rafstöð	25.000
<b>Samtals</b>	<b>2.088.892</b>

<b>Flugbrautir og vallarsvæði</b>	<b>33.625.000</b>
- flugbrautir	27.500.000
- vallarsvæði	2.500.000
- vagn	1.500.000
- vallarplan	2.000.000
- gámur	125.000

<b>Samtals eignir</b>	<b>35.713.892</b>
-----------------------	-------------------

## Niðurstaða

Eins og kemur fram þá var rekstur ársins jákvæður um 764.415 kr en 733.892 kr af því er vegna inneignar á sparireikningi, að auki voru styrkir 25.000 kr og félagið nýtti 80.000 kr af sparireikningi í daglegan rekstur. Daglegur rekstur var því neikvæður um 74.477 kr en vel var tekið til hendinni í framkvæmdum á Arnarvelli, brautir stækkaðar við brautarmót og klárað að ganga frá vefmyndavél og veðurstöð. Uppbyggingin á bílaaðstöðunni gengur einnig vel og er alltaf að verða flottari. Að auki voru skúrar á svæðunum málaðir.

## Fjárhagsáætlun og félagsgjöld

Engar stórar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árin. Félagsgjöldin á síðasta ári stóðu ekki undir rekstrinum og hafa verið aðeins frá því á síðustu árum. Það helgast þó fyrst og fremst af miklum framkvæmdum sem er lokið að sinni. Stjórn félagsins vill því leggja sitt af mörkunum til lífskjarasamninganna og leggur til að félagsgjöldin verið óbreytt á árinu 2020 eða 6.500 kr fyrir yngri en 18 ára og 13.000 kr fyrir aðra félagsmenn.

Kröfur vegna félagsgjalda verða stofnaðar í bankakerfinu um mánaðarmótin, þeir sem vilja greiða fyrir þann tíma, og forðast greiðslukostnað (450 kr), hafi samband við gjaldkera fyrir 1. mars nk.

**Sverrir Gunnlaugsson gjaldkeri**

## **Kosning stjórnar**

Á þessum aðalfundi þarf að kjósa formann og meðstjórnanda.

## **Tillögur og lagabreytingar**

Engar tillögur að lagabreytingu liggja fyrir fundinum.

## **Önnur mál**

- Orðið er frjálst.

# **Minnisblað**